



FFSÍ

Alþingi
Erindi nr. P 137/64
3.6.2009

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289



Félag skipstjórnarmanna

Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími 520 1280 • Bréfasími 520 1289 • Netfang: skipstjorn@skipstjorn.is
Vefsíða: www.skipstjorn.is • Skipagötu 14 • 600 Akureyri • Sími 520 1290 • Bréfasími 462 5251

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík. 2. júní 2009

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 34. mál, Fristundaveiðar, handfæraveiðar og fl.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða eru lagðar til fjórar breytingar á núgildandi lögum. Í 1. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra fái heimild til að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni. Í 2. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að settar verði ítarlegar reglur um frístundaveiðar sem fara fram á vegum ferðapjónustuaðila. Í ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að heimilaðar verði frjálssar handfæraveiðar upp að ákveðnu marki á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst 2009 og í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í veiðar á gullkarfa annars vegar og veiðar á djúpkarfa hins vegar.

FFSÍ og FS eru sammála því að sá afli sem fæst við veiðar sem fram fara í fræðsluskyni skuli ekki talinn til heildarafla.

Viðhorf FFSÍ og FS gagnvart því sem snýr að aðilum í ferðapjónustu og frístundaveiðum beinist fyrst og fremst að öryggisþætti þeirrar starfsemi þar sem fjöldi túrista án nokkurrar reynslu eða þekkingar koma til með að stýra og stjórna bátum við misgóðar aðstæður og skapa þar með aukna slyshættu gagnvart sjófarendum almennt.

Varðandi leyfi til fimm fiska frístundaveiða, sbr. 3. mgr., 1. lið, þá er freistandi að trúá því að horft hafi verið til atburðanna við Genesaret vatnið á sínum tíma þegar fimm fiskar og fimm brauð mettuðu þúsundir. Umsagnaraðilar gera ekki athugasemdir við þessa Bibliutengingu.

FFSÍ og FS telja þá aðferðafræði sem felst í frjálsum strandveiðum dæmda til að mistakast. Hafi tilgangurinn verið sá að vinda ofan af því óréttlæti sem stjórnkerfi fiskveiða felur í sér og koma til móts við niðurstöðu mannréttindanefndar SP þá er ekki hægt að koma auga á að áfangi náist í réttlætisátt með þessu ákvæði.

Við blasir að þeir sem nú þegar eru í greininni muni drýgja sitt úthald með því að nýta sér strandveiðiákvæðið, en auk þeirra munu þeir fjölmörgu útgerðarmenn sem selt hafa frá sér veiðiheimildir sjá sér leik á borði með að hefja útgerð á ný.

Ekki þarf stóran skammt af réttlætiskennd til að sjá að ofangreindir aðilar hafa þvílíkt forskot á aðra þjóðfélagsþegna að sá gðfugi tilgangur, sem vafalaust hefur verið lagt upp með við smíði þessa ákvæðis, snýst nánast upp í andhverfu sína með þessum gjörningi. Til viðbótar þá er ljóst, í ljósi reynslunnar, að auka þarf gríðarlega allt eftirlit og utanumhald til þess að framkvæmdin í heild fari ekki úr böndum. Einnig er næsta víst að þrýstingur á, að aukið verði við það magn sem gengið er út frá, mun fyrr en síðar vaxa gríðarlega.

Umsagnaraðilar gera ekki athugasemdir við ákvæði varðandi gullkarfa og djúpkarfa þótt í ákveðnum tilvikum geti orðið erfitt að aðgreina tegundirnar þegar þær blandast saman.

Virðingarfyllst,
F.h. Farmanna og Fiskimannasambands Íslands
Og Félags skipstjórnarmanna



Árni Bjarnason



Guðjón Ármann Einarsson